

## **Þinggerð 24. Karateþings 26. febrúar 2011.**

### 1. Þingsetning.

Reinhard Reinhardsson setti þingið með ávarpi.

### 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Kosinn þingforseti.

Helgi Jóhannesson kjörinn þingforseti.

Kosinn þingritari.

Einar Þórarinsson kjörinn þingritari.

Ávörp gesta.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ ávarpaði þingið.

Hann hrósaði sambandinu m.a. fyrir skráningu á sögu sambandsins, gott samband ÍSÍ við Karatesambandið, góða skýrslu og ábyrgð í rekstri og öflugt starf, þrátt fyrir að framlög frá ÍSÍ hefðu ekki geta verið eins og hann hefði viljað. Tilmæli um að íslandsmeistarar yrðu ekki í yngri flokkum en 11 ára. Hann ræddi um umfjöllun um karateíþróttina í fjölmiðlum og hrósaði Karatesambandinu fyrir að vera öflugt í samstarfi sínu við fjölmiðla.

### 3. Kosnar fastar nefndir:

#### a. Kjörbréfanefnd.

- a. Indriði Jónsson
- b. Ágústa Rósa Andrésdóttir
- c. Sigurbjörn Jónsson

#### b. Fjárlaganefnd.

- a. Eyþór Ragnarsson
- b. Guðni Már Egilsson
- c. Kristján Gautur Kristjánsson

#### c. Laga- og leikreglnanefnd.

- a. Helgi Jóhannesson

- b. Willem Cornelis Verheul
  - c. Gunnlaugur Sigurðsson
  - d. Allsherjarnefnd.
    - a. Ólafur Helgi Hreinsson
    - b. Arnar Þór Björgvinsson
    - c. Þrúður Sigurðardóttir
  - e. Kjörnefnd.
    - a. Reinharð Reinharðsson
    - b. Ágústa R. Andrésdóttir
    - c. Andri Sveinsson
- d. Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

Kjörbréfanefnd hefur störf.

#### 4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Reinharð Reinharðsson fór yfir skýrslu stjórnar.

“Árið 2010 var karatemönnum gjöfult. Við eignuðumst okkar annan Norðurlandameistara á NM í Tallinn, Eistlandi, Jóhannes Gauta Óttarsson, í flokki 14 – 15 ára í kumite. Var hann vel að titlinum kominn og óskum við honum til hamingju með árangurinn.

Karatesambandið var stofnað fyrir 25 árum og gerðum við okkur dagamun í enda febrúar 2010.

Karatedagurinn var haldinn í Íþróttahúsi Menntavísindasviðs HÍ og opið hús var á Kaffi Easy þar sem karatemönnum var boðið upp á veitingar í tilefni afmælisins. Eins voru gamlar myndir, tímarit og bæklingar sem gefnir höfðu verið út á Íslandi til sýnis auk muna úr starfi sambandsins í gegnum árin.

Nú eru allar ársskýrslur utan tvær og allar þinggerðir utan fjórar aðgengilegar á vef sambandsins auk upplýsinga um stjórnir síðustu 25 ára, úrslit flestallra móta á vegum KAÍ í gegnum árin. Allir Íslandsmeistarar eru listaðir upp og ýmis tölfræði sem Helgi Jóhannesson tók saman.

Vil ég sérstaklega þakka Helga fyrir aðstoðina en einnig fyrri stjórnarmönnum og formönnum fyrir myndir og upplýsingar, þegar ég leitaði til þeirra í byrjun ársins 2010. Má þar nefna Stefán Alfreðsson, Hannes Hilmarsson, Karl Gauta Hjaltason og Ólaf Wallevik sem allir tengjast upphafsárum Karatesambandsins.

Rétt er einnig að þakka Forseta og stjórn ÍSÍ fyrir stuðninginn í gegnum árin en þau heiðruðu þrjá karatemenn í tilefni af 25 ára afmæli KAÍ, þau Halldór Svavarsson, Eddu Blöndal og Helga Jóhannesson, með því að veita þeim silfurmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu Karatesambandsins og við útbreiðslu íþróttarinnar á Íslandi.

Þá vil ég einnig þakka fjölmiðlum landsins aukinn áhuga að karateíþróttinni, þá sérstaklega Morgunblaðinu, mbl.is, Fréttablaðinu og RÚV sem hafa verið dugleg við að birta úrslit móta

og taka viðtöl við keppnisfólk okkar að þeim loknum.

Stjórn Karatesambandsins kom saman í vikunni og ákvað að veita Morgunblaðinu og mbl.is viðurkenningu fyrir góða og skilmerkilega umfjöllun um karateíþróttina á árinu 2010. Til viðbótar við að birta fréttatilkynningar og úrslit móta þá bættu þeir í með viðtölum og myndasýrnum eftir mót. Það er sönn ánægja að biðja Víðir Sigurðsson, umsjónarmann íþróttafréttanna Morgunblaðsins að koma hingað og taka við viðurkenningunni. Með henni fylgir Gjafakort á veitingastaðinn UNO, Hafnarstræti 1 og er það ósk okkar að það eigi eftir að gleðja íþróttafréttamenn Morgunblaðsins.

Ég vil að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum fyrir góð störf á síðasta ári, þó sérstaklega Þórunni Ýr Elíasdóttur og Willem Cornelis Verheul sem látið hafa af störfum í Mótanefnd og Eypóri Ragnarssyni sem er að hætta sem formaður Landsliðsnefndar, öll eftir margra ára óeigingjarnt starf, en vona jafnframt að hreyfingin fái notið krafta þeirra áfram.”

Víðir Sigurðsson tók við viðurkenningu frá stjórn fyrir hönd Morgunblaðsins og mbl.is fyrir umfjöllun um karateíþróttina á árinu 2010. Víðir þakkaði fyrir hönd íþróttadeildar Morgunblaðsins fyrir viðurkenninguna. Talaði um jákvætt samstarf og þá vinnu sem karatesambandið stendur í að senda skilmerkilegar upplýsingar fyrir og eftir viðburði sem auðveldar starf íþróttablaðamanna.

Indriði Jónsson gerði grein fyrir niðurstöðu kjörbréfanefndar um fjölda gildra þingfulltrúa sem eru 35 voru tilkynntir með kjörbréfum og eru 20 mættir.

#### 5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Indriði gerði grein fyrir reikningum sambandsins. Reikningar samþykktir einróma.

#### 6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Reinharð fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2011, áætluninni vísað til Fjárlaganefndar.

#### 7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Engar lagabreytingar hafa borist. Helgi Jóhannesson fór yfir reglugerðabreytingar sem stjórn hefur lagt fyrir og taka gildi á nýju keppnisári. Að öðru leyti var umfjölluninni vísað til laga og leikreglnanefndar.

#### 8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Tillaga um að gera félagaskipti formleg og sett upp eyðublað til útfyllingar.

Tillögu vísað til alsherjarnefndar.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Eyþór Ragnarsson gerði grein fyrir niðurstöðum fjárlaganefndar. Hækka laun og verktakagreiðslur um 50 þúsund, lækka áhöld og tæki um 100 þúsund. Hækkað ferðakostnað landsliðsnefndar um 50 þúsund. Heildarniðurstaða sú sama. Ný áætlun samþykkt einróma.

## Fjárhagsáætlun 2011

Tekjur		Áætlun 2011	Raun 2010	Áætlun 2010
1111000	Framlög og styrkir	5.500.000	5.755.285	5.200.000
1115000	Tekjur af mótum	850.000	832.000	850.000
1117000	Auglýsingatekjur			
1120000	Húsa- og vallarleigutekjur			
1122000	Félags-, æfinga- og námsk.tekj	350.000	344.400	400.000
1123000	Aðrar tekjur		44.157	
<b>1129999</b>	<b>Tekjur alls</b>	<b>6.700.000</b>	<b>6.975.842</b>	<b>6.450.000</b>

## Gjöld

1131000	Laun og verktakagreiðslur	550.000	380.000	600.000
1135000	Styrkir deilda/Félagaskipti...			
1137000	Áhöld, tæki og búningar	100.000	584.471	400.000
1140000	Þátttaka í mótum innanlands			
1141000	Ferðakostn. innanlands			
1142000	Ferðakostn. erlendis landslið	3.050.000	2.837.562	2.800.000
1143000	Annar þátttökukostn.			100.000
1145000	Kostnaður við mótahald	800.000	770.756	700.000
1148000	Rekstur mannvirkja	150.000	141.276	150.000
1153000	Rekstur skrifstofu	250.000	227.513	250.000
1156000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	400.000	857.100	1.000.000
1157000	Dómaranefnd	950.000	707.410	
1165000	Önnur gjöld / bankar ofl.		6.979	50.000
1170000	Erlend samskipti	350.000	316.069	400.000
<b>1174999</b>	<b>REKSTRARGJÖLD ALLS</b>	<b>6.600.000</b>	<b>6.829.136</b>	<b>6.450.000</b>

Helgi Jóhannesson gerði grein fyrir umræðum í laga og leikreglnanefnd. Tillaga um á Íslandsmeistaramóti um að gera sitei kata að skyldu í fullorðinsflokki í 10. gr. Tillaga um að 12 – 13 ára geri fleiri en eina kata, regla um að sama kata ekki gerð tvisvar í röð. Vísað til stjórnar.

Breytingartillaga um reglur um GrandPrix mót. Fella út 1 stig fyrir 7 og 8 sæti. Breytingar munu taka gildi næsta haust.

Ólafur Helgi fór yfir félagaskiptaform sem var til umræðu í alsherjarnefnd. Eyðublaðið sem slíkt er samþykkt, en alsherjarnefnd taldi að skerpa þurf á 21. grein reglugerðar um Íslandsmeistaramót og einnig þyrfti að skoða skilgreiningar á keppnistímabili til samræmingar. Alsherjarnefnd lagði fram tillögu að nýrri grein:

Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega á þar til gert eyðublað (heimasíða KAÍ) með minnst 30 daga fyrirvara. Áður en ætlast er til að félagsskiptin gangi í garð. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagsskipta og formanna félga sem eiga í hlut. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannarlegum hætti. Óheimilt er íþróttamönnum 15 ára og eldir að keppa fyrir eitt félag í KAI á sama keppnistímabili. Keppnistímabil hefst 1. september og lýkur 31. ágúst.

Reglugerðarbreytingum og úrvinnslu á eyðublaði vísað til stjórnar m.t.t. þess að reglugerðarbreyting taki gildi næsta haust.

Reinharð Reinharðsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögum að skipan stjórnar og nefnda. Tillögurnar eru eftirfarandi:

#### Stjórn KAÍ:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Helgi Jóhannesson
- Guðni Már Egilsson
- Kristján Gaukur Kristjánsson
- Jón Ingi Þorvaldsson
- Indriði Jónsson, varamaður
- Gunnlaugur Sigurðsson, varamaður
- Arnar Þór Björgvinsson, varamaður
- 

#### Aganefnd:

- Ásmundur Ísak Jónsson, formaður
- Gísli Magnússon
- Ólafur Helgi Hreinsson

- Willem Cornelis Verheul
- Magnús Kr. Eyjólfsson
- Guðni Már Egilsson, varamaður
- Grétar Örn Halldórsson, varamaður
- Vicente Carrasco, varamaður

## 11. Önnur mál.

Helgi Jóhannesson lagði fram mótaskrá til upplýsinga fyrir þingheim, sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið, sem tekur á því hvernig halda á keppnismót, ferli, fyrirkomulag og framkvæmd. Mótsskráin verður birt á vef KAÍ. Þingið hrósaði fyrir vinnuna og tímabært framtak.

Umræður um keppnisklukkur og vinnslu á þeim, mikið af nýju fólki í hvert skipti. Indriði lagið til að farið yrði yfir klukkur sem part af dómaramámskeiði til að fleiri standi klárir á takkavinnunni. Indriði ræddi einnig um önnur mikilvæg hlutverk á ritaraborði og lagði áherslu á að ritaraborðið fylgdist með hvort sama kata væri framkvæmd og skráð. Það er þó engin ábyrgð því samhliða á ritaraborði

## 12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.

### Stjórn KAÍ:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Helgi Jóhannesson
- Guðni Már Egilsson
- Kristján Gaukur Kristjánsson
- Jón Ingi Þorvaldsson
- Indriði Jónsson, varamaður
- Gunnlaugur Sigurðsson, varamaður
- Arnar Þór Björgvinsson, varamaður

Skoðunarmenn reikninga kjörnir Indriði Jónsson og Einar Þórarinsson.

## 13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.

### Aganefnd:

- Ásmundur Ísak Jónsson, formaður
- Gísli Magnússon

- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem Cornelis Verheul
- Magnús Kr. Eyjólfsson
- Guðni Már Egilsson, varamaður
- Grétar Örn Halldórsson, varamaður
- Vicente Carrasco, varamaður

#### 14. Val fulltrúa á Íþróttabing.

Reinharð lýsti eftir fulltrúum á þingið. Tillaga um að vísa þessu til stjórnar KAÍ, samþykkt einróma.

#### 15. Þingslit.

Reinhard þakkaði þinggestum fyrir komuna og góða og gagnlega umræðu á þinginu. Hann óskaði einnig eftir fleirum til að koma til liðs við mótanefnd. Að því búnu sleit hann þinginu.

---

Reinharð Reinharðsson  
Formaður KAÍ

---

Helgi Jóhannesson  
Þingforseti